

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F102/2021

Reykjavík, 10. júní 2021

Ásmundur Einar Daðason
Félags- og barnamálaráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Umboðsmaður Alþingis hefur veitt því athygli, m.a. vegna kvartana og ábendinga sem honum hafa borist, að svo virðist sem framkvæmd Tryggingastofnunar við afgreiðslu umsókna um örorkulífeyrir kunni að hafa tekið breytingum þannig að umsóknum, einkum frá ungu fólki, sé í auknum mæli synjað á þeim grundvelli að endurhæfing sé ekki fullreynd.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 18. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, er það m.a. skilyrði fyrir rétti til örorkulífeyris að viðkomandi hafi verið metinn til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilegra viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar metur Tryggingastofnun örorku þeirra sem sækja um örorkulífeyrir. Heimilt er að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar og viðeigandi endurhæfingu áður en til örorkumats kemur, sbr. 7. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 99/2007 er heimilt að greiða endurhæfingarlífeyrir í allt að 18 mánuði þegar ekki verður séð hver starfshæfni einstaklings sem er á aldrinum 18-67 ára verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys. Greiðslur skulu inntar af hendi á grundvelli endurhæfingaráætlunar og er skilyrði fyrir greiðslum að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði sem telst fullnægjandi að mati framkvæmdaraðila og eigi hvorki rétt til launa í veikindaleyfi né greiðslna frá sjúkrasjóðum eða teljist tryggður samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Í 2. mgr. 7. gr. kemur fram að heimilt sé að framlengja greiðslutímabil samkvæmt 1. mgr. um allt að 18 mánuði ef sérstakar ástæðu eru fyrir hendi.

Rétt er, ráðuneytinu til nánari upplýsingar, að nefna dæmi um þau atvik sem búa að baki þeim kvörtunum og ábendingum sem umboðsmanni hafa borist þessu tengt. Þar má nefna að einstaklingum hafi verið synjað um örorkumat á þeim forsendum að endurhæfing hafi ekki verið fullreynd, án þess þó að tiltekið sé hvaða endurhæfingarúrræði viðkomandi geti nýtt sér, hvort endurhæfingarúrræði standi til boða og hvert aðgengi að endurhæfingarúrræðum er með tilliti til biðtíma, staðsetningar eða annarra mögulegra hindrana. Í því sambandi eru nefnd mál einstaklinga sem vegna sjúkdóms eru á biðlista eftir skurðaðgerð og fyrir liggur mat læknis um að endurhæfing geti ekki hafist fyrr en að lokinni aðgerð. Þetta hafi orðið til þess að einstaklingar í þessari stöðu hafi þurft að bíða tekjulausir eftir því að komast í ákveðin úrræði þar sem

biðlistar eru langir. Einnig eru nefnd tilvik um að umsóknum hafi verið synjað þrátt fyrir að í gögnum málsins hafi legið fyrir afstaða læknis um að frekari endurhæfingarárræði breyti ekki stöðu viðkomandi. Þá séu dæmi um að Tryggingastofnun hafi synjað umsóknum á þeim forsendum að endurhæfing sé ekki fullreynd þótt umsækjandi hafi lokið 36 mánaða endurhæfingu og fyrir liggi staðfesting frá fag- og meðferðaraðilum á því að endurhæfing sé fullreynd.

Ábendingar og kvartanir til umboðsmanns hafa jafnframt lotið að aðstæðum einstaklinga með meðfæddar taugaproskaraskanir, þar sem legið hefur fyrir umönnunarmat samkvæmt 4. gr. laga nr. 99/2007 fram að 18 ára aldri. Dæmi séu um að einstaklingum í þessari stöðu hafi verið synjað um örorkumat þótt varanleg skerðing og þörf þeirra fyrir aðstoð hafi ekki breyst við það að ná 18 ára aldri.

Í þeim kvörtunum og ábendingum sem umboðsmanni hafa borist hefur bannig verið bent á að áður en Tryggingastofnun synji umsókn um örorkulífeyrí á þeim grundvelli að endurhæfing sé ekki fullreynd hafi stofnunin ekki lagt mat á raunverulega möguleika umsækjanda á að sækja endurhæfingu. Hefur þar einkum verið byggt á því að rannsókn málsins hafi verið ófullnægjandi en einnig að skortur sé á leiðbeiningum frá stofnuninni.

Með vísan til yfirstjórnunar og eftirlits félags- og barnamálaráðherra með lífeyristryggingum almannatrygginga, þar á meðal Tryggingastofnun, sbr. 3. tölul. 4. gr. forsetaúrskurðar nr. 119/2018, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, og með hliðsjón af heimildum ráðherra samkvæmt 12. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðherra veiti umboðsmanni upplýsingar um hvort honum hafi borist ábendingar eða sé meðvitaður um mögulega breytta framkvæmd Tryggingastofnunar við afgreiðslu umsókna um örorkulífeyrí, sbr. framangreinda umfjöllun. Ef ekki þá hvort ráðherra telji tilefni til að bregðast við þeim upplýsingum sem fram koma í þessu bréfi á grundvelli yfirstjórnunar- og eftirlitsheimilda sinna og þá með hvaða hætti. Telji ráðherra ekki tilefni til að bregðast við er óskað upplýsinga um nánari ástæður þess.

Þess er óskað að umbeðin svör berist umboðsmanni ekki síðar en 28. júní nk. Ég tek fram að óskað er eftir þessum upplýsingum áður en umboðsmaður tekur afstöðu til þess hvort tilefni sé til þess að hann taki framangreint álitaefni til athugunar að eigin frumkvæði samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
forstöðumaður frumkvæðisathugana